

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ**



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

> [flugfelag.is](http://flugfelag.is)

# G! Festival í Færeyjum

Aðeins klukkustundarflug frá Reykjavík



Fljúgðu á **G!** festival í Færeyjum, 14.–16. júlí, ferska og fjöruga útihátíð þar sem músikantar frá öllum heimshornum koma saman. Í ár munu Mugison og Skálmöld troða upp og trylla lýðinn fyrir Íslands hönd.

Komdu í fjörið með frændum okkar og fáðu glænýja tónlist af öllu tagi beint í æð. Allar upplýsingar um G! festival á [www.gfestival.com](http://www.gfestival.com)

## Pakki 1:

### Innifalið:

- Flug til og frá Færeyjum
- Flugvallarskattar

Verð á mann

**49.900 kr.**

Tilboðið gildir frá 13. - 20. júlí

Bókanlegt á netinu [flugfelag.is](http://flugfelag.is)

## Pakki 2:

### Innifalið:

- Flug til og frá Færeyjum
- Flugvallarskattar

- Aðgöngumiði á G! Festival (gildir alla dagana)
- Aðgöngumiði á tjaldstæðið í Götu miðvikudag - laugardags
- Gisting á Kerjalon vallaheimi í Þórshöfn á sunnudagskvöldi
- Rútuferðir úr Vágum til Götu og frá Götu til Þórshafnar og frá Þórshöfn til Vágar

Tilboðið gildir frá 13. - 18. júlí

Verð á mann

**72.000 kr.**

Bókanlegt hjá hópadeild í síma 5703075 eða á netfanginu [hopadeild@flugfelag.is](mailto:hopadeild@flugfelag.is)

  
**ATLANTIC AIRWAYS**

Aðfaranótt 24. júní, betur þekkt sem Jónsmessunótt, er um að gera að bruna út í sveit með upptökutæki og taka upp eitthvað spjall við talandi belju.



ANDRI ER GÓÐUR VIÐ MENN OG DÝR LANDSINS

## Monitor mælir með


### Í MUNNINN

Það er sígildur siður að fara í ísbíltúr síðla kvölds hvort sem það er með fjölskyldunni eða í góða vina hópi. Sennilega borðar maður aldrei jafnmikinn ís og á sumrin. **Ísbúðin í Garðabæ** tekur ísbíltúrinn í nýjar hæðir með því að framlengja opnunartíma sinn til kl. 2:00 um nótt í allt sumar. Fyrir vikið býður það upp á góðan sólsetursbíltúr með ís í hendi.



### Á FLAKKARANUM

Ævintýraþættirnir **Game of Thrones** slógu í gegn vestanhafs í vor og eru farnir að skapa ansi mikið umtal hérlandis einnig. Hér eru á ferðinni þættir með Lord of the Rings-filing en í aðalhlutverkinu er einmitt Sean Bean sem lék Boromir í þeim þríleik. Þess má geta að þættirnir eru með 9,5 í einkunn á imdb.com.



### Í BÆNUM

Ef þú hefur gaman af fánýtum fróðleik þá er **pub quiz** á Faktory kjörinn vettvangur fyrir þig. Barinn stendur fyrir keppninni aðra hverja viku og fer næsta keppni fram miðvikudaginn 29. júní. Keppnin er á léttum nótum og það skemmtilega er að ekki er eingöngu verðlaunað fyrir 1. sæti heldur eru einnig veitt ýmis aukaverðlaun svo sem fæstir fari tómhentir heim.



## Vikan á...

### facebook



**Óli Geir** ef ég er ekki vakinn þá sef ég of lengi...svo vakna ég bara núna með batteríslausan síma þannig vekjarinn minn virkaði ekki, lít útum gluggann, sé þetta veður og verð reiður aaaaaaaaaaaaaa meiri kallinn 22. júní kl. 16:38



**Emmsjé Gauti** Gaman að sjá sjálfann sig í zebra buxum í hillunum í Skífunni... vel gert ég 21. júní kl. 21:19



**Skúli Jón Friðgeirsson** kominn heim úr mikilli frægðarför fyrir mig persónulega til Danmerkur 20. júní kl. 4:31



**Auðunn Blöndal** Er ég sá eini á klakanum sem mundi mikklu frekar vilja fara á Nydönsk í kvöld ??? 18. júní kl. 23:30

# Hitti lambakonuna

Andri Freyr Viðarsson, útvarpsmaður, er á ferðalagi um landið í fylgd Tómasar sem er bolabítur. Tilefni ferðalagsins er gerð sjónvarpsþátta sem hefja göngu sína í júlí.

„Þátturinn gengur út á það að ég er að ferðast hringinn í kringum landið á gömlum húsbíl með félagamínun, honum Tómasi, sem er bolabítur. Hann er ótrúlega góður félagsskapur. Ég er að kynna fólk og kynna þjóðina fyrir hópum fólks sem hún hafði ekki hugmynd um að væru til. Svo er ég að skoða ýmislegt sem þjóðin hefur kannski ekki séð og sér í lagi ég, maður er vanur að bruna alltaf í gegnum allt. Við erum hins vegar að staldra við og grafa upp „originala“,“ segir Andri Freyr Viðarsson útvarpsmaður sem geysist um þessar mundir eftir þjóðvegum landsins við tókur á þættinum Andri á flandrí.

„Ég var með þessa hugmynd og svo kom Kristófer Dignus pródúsent með sömu hugmynd og þetta fór að rúlla. Þetta bara átti að gerast.“ segir hann. „Það má kannski segja að þetta séu Stiklar minnar kynslóðar en ég verð enginn næsti Ómar Ragnarsson. Maður lærði nú samt margt af meistaranum þegar maður ferðaðist með honum í fyrra.“

### Húsbíllinn Litli kútur

Þátturinn hefur göngu sína í Sjónvarpinu í júlí og biður Andri fólk um að bíða spennu. „Ég vona jafnframt að hann eigi eftir að gleða landann. Það er allavega búið að gleða mig að gera þetta. Flest sem við höfum lent í hefur eiginlega verið óvænt. Við hittum aldráða skyttu á Eskifirði og hann fór með mig á skotsvæði þar sem við skutum dollur með haglaskammbýssu, eitthvað

sem ég hef aldrei séð áður. Svo hittum við konu á Vik í Mýrdal sem er ekki kattakonan heldur svona „lambakonan“. Hún er með hrút í bandi og alltaf með hjörð af litlum lömbum sem elta hana út um allt. Þetta eru vinir hennar, hún leikur við þau úti á túni og við

tókum smá leik með henni. Síðan hittum við mesta töffara sem ég hef hitt á bíladögum á Akureyri. Það er náungi sem vann Burnout-keppnina og hann tók smá „drift“ fyrir okkur. Svo tók ég húsbílinn og tók smá snúning á drift-brautinni. Húsbíllinn heitir reyndar Litli kútur.“



HVER VEIT NEMA AÐ ANDRI FARI NÆST Í KRINGUM HNÖTTINN?



Efst í huga Monitor

## Er nóg að nikka?

Nú skín sólin hátt á lofti, hápunktur íslensks sumars er í nánd og skemmtigöngur upp og niður Laugavegin eru því tíðari heldur en að vetri til. Með öðrum orðum hittir maður miklu fleiri einstaklinga nú heldur en þegar maður hrist inni á veturna. Því ber að ýmsu leyti að fagna, enda flestir í góðu skapi þegar vel viðrar og það að hitta gott fólk er gaman. Hins vegar á þetta sér fylgífisk sem oftan er ekki er vandamál. Hið mikla vandamál felst í þeim einföldu vangaveltum, hverjum á maður að heilsa og hverjum ekki?

Það kannast allir við það að mæta manneskju úti á götu og vita ekki hvort segja eigi „hæ“ eða ekki. Þá fara jafnvel af stað taugaveikunarlegar hugsanir eins og; ætli hann muni eftir mér? Ætli honum þætti kjánalegt ef ég heilsaði honum?

Þegar þessi staða kemur upp er ýmsum aðferðum beitt. Stundum þykir öruggast að stara beint áfram, strunsa framhjá einstaklingnum og láta sem maður sjái ekki viðkomandi. Í öðrum tilfellum er ákveðin höfuðhreyfing sem kölluð er nikk látin nægja. Aðrir einfaldlega brosa sínu breiðasta til þess sem þeir mæta. Það er þó vandmeðfarin aðferð sem ekki hæfir öllum.



Þessar þrjár aðferðir eiga það sameiginlegt að sé staðan sú, að einstaklingurinn sem maður mætir ætlaði sér að heilsa manni almennilega, þá koma þær hálfveimnislega út.

Vissulega er hér um að ræða algert lúxusvandamál en þó vandamál sem allir kannast við. Flestir hafa eflaust velt sér upp úr hvort þeir hefðu átt að heilsa þessum eða hvers vegna þessi heilsaði honum ekki yfir höfuð. Vafalaust er fátt við þessu öllu saman að gera, nema ef teknar væru upp einhverjar almennar reglur eða ef einfaldlega allir heilsuðu öllum með einum eða öðrum hætti úti á götu, en þangað til lifir þessi agnarlitli hausverkur góðu lífi í höfðum landsmanna.

### Feitast í blaðinu

Hljómsveitin **Sykur** segir frá sumaráformum sínum og einkaritara. >>6

Hverjir spila hvar á flottustu tónlistarháttinum **Evrópu** í sumar? >>10

**Anna Jia** hefur komið 11 sinnum til Kína og dreymir um að verða Pocahontas. >>12


Stíllinn skoðar heitustu sumarhárgreiðslurnar hjá Geira pönk. >>16

Hugleikur **Dagsson** teiknaði mynd sem lýsir persónuleika hans í **Loka-prófinu**. >>24



1

ÞESSI HEFUR GREINILEGA EKKI BREYST MIKIÐ FRÁ UNGA ALDRI.



2

LÍKLEGA VAR HANN JAFNMIKILL SJARMÖR SEM UNGLINGUR OG Í DAG EF MARKA MÁ ÞESSA MYND.



3

FREKNÓTTA KRÚTTIÐ HEFUR ÞROSKAST OG ER NÚ EIN VINSÆLASTA SÖNGKONA BANDARÍKJANNA.



4

HÚN HEFUR BREYST FREKAR MIKIÐ OG MÁLAR SIG TÖLUVERT MEIRA Í DAG EN HÚN GERÐI ÞARNA.

Taktu prófið og sjáðu hversu mikið Hollywoodnörd þú ert

# Þekkir þú stjörnuna?

Monitor tók saman nokkrar gamlar myndir af stjörnum **Hollywood**. Sumar þeirra hafa ekkert breyst en aðrar eru nær óþekktanlegar.



5

HÁRGREIÐSLAN VILLIR KANNSKI UM FYRIR LESENDUM EN ÞESSI SUBRÆNA DÍVA ER ÞEKKT FYRIR SITT OG GLANSANDI HÁR SITT Í DAG.



6

AUGLJÓST, HÚN HEFUR EKKERT BREYST!



7

ÞESSI VAR LÍKLEGA LÚDALEGASTI UNGLINGUR BANDARÍKJANNA Á SÍNUM TÍMA EN VARÐ SIÐAR MEIR MIKIÐ KYNTÁKN.



8

BROSANDI OG KÁT, EKKI BÚIN AÐ FINNA UPP EINKENNISSIPINN GREINILEGA.



9

GLERAUGUN GÆTU BLEKKT MARGA, HÚN HEFUR LAGT ÞAU Á HILLUNA Í DAG.

Umhverfið í nýju ljósi

vodafone.is



10

ÞESSI ER ÓÞEKKJALEGUR.



11

HÚN HEFUR SEM BETUR FER ENDURSKOÐAÐ HÁRGREIÐSLUNA FRÁ ÞVI AÐ ÞESSI MYND VAR TEKIN.

## STIGAGJÖF

**0-4 STIG**  
Þú ert annaðhvort mjög ómannlögur/ur eða þarft að skoða slúðurbliðin oftar.

**5-7 STIG**  
Eðlilegur árangur.

**8-10 STIG**  
Mjög gott! Perez Hilton yrði stoltur af þér.

**11 STIG**  
Það er meira til í lífinu en fræga fólkíð í Hollywood. Finndu þér fleiri áhugamál.

11. Nicole Kidman.  
9. Charliize Theron. 10. Ryan Seacrest.  
Diaz. 7. George Clooney. 8. Tyra Banks.  
4. Fergie. 5. Jennifer Lopez. 6. Cameron  
Svör: 1. Beyoncé. 2. Brad Pitt. 3. Taylor Swift.

# Fuel For Life

DENIM COLLECTION



**USE WITH  
CAUTION**



**DIESEL**  
THE NEW SEXY FRAGRANCE

FOR HIM & FOR HER



ENNEVM / SJIA / NM47193

Dagur  
í lífi...

**OROBLU**



**STEFÁN FINNBOGASON**  
**Fyrstu sex:** 150392.  
**Upphaldsplatá:** Sweat Symphony með Flairs akkúrat núna.  
**Upphaldshljóðfæri:** Juno 106.  
**Upphaldsflik:** Get ekki gert upp á milli.  
**Upphaldsmatur:** Jóla-, páska- eða afmælistatur.

# HEKLUNÁL Í ANNARRI, MÆK Í HINNI

Raftríóið **Sykur** kemur til með að gera allt vitlaust á **Svínaríi Monitor** og **Faktorý** sem fram fer þann 1. júlí. Strákarnir þrír eru í óðaönn við að undirbúa nýja breiðskífu en tóku sér pásu til segja **Monitor** frá græjunum með ljósunum og Gurrý einkaritara.

**Hvað eru Sykur-liðar að bralla þessa dagana?** Við erum að semja og taka upp fullt af nýjum lögum og undirbúa næstu breiðskífu.

**Hvenær er von á plötunni ykkar og er komið nafn á gripinn?** Í október, eins og staðan er núna, og vonandi stenst það. Það er ekki komið neitt nafn enn.

**Verður platan gefin út erlendis? Er planið að meika það?** Það er aldrei að vita með útgáfu erlendis. Ætli við gefum ekki bara út plötuna og sjáum svo hvort við verðum ekki fríkir og rægir.

**Ef þið færuð í útrás, mynduð þið þá enska upp nafnið ykkar og breyta því í Sugar?** Nei, það myndum við ekki gera.

**En Sugah til að hljóma meira töff?** Það kæmi hins vegar vel til greina.

**Heimildir Monitor herma að þið hafið eitt sinn verið með einkaritara að nafni Gurrý.**

**Er hún enn að vinna fyrir ykkur?** Jájájá, Gurrý er í fullu starfi hjá kaffimálaráðuneyti Sykurs og Blessaður í beinni ehf. Hún er rytari með ypsiloni, ekki bara ritari, því hún sér um kaffið líka. Hún er líka nestismálaráðherra, það er að segja hún sér um hvað hver er með í nesti á hljómsveitaræfingum hverju sinni. Hún lifir góða lífinu, er á Facebook allan daginn og sér um að bóka gígg og svona fyrir okkur. Hún er líka alltaf með sérríflösku á borðinu.

**Hvað gerir þetta Blessaður í beinni ehf.?** Það gerir margt sníðugt. Því miður höfum við ekki leyfi til að upplýsa það strax, því Gurrý myndi verða brjáluð!

**Má búast við að hún stígi á svið með ykkur einhvern tímann?**

Já, hún stígur á svið með okkur á Faktorý þann 1. júlí á Svínaríinu. Þar verður hún með heklunálina í annarri, mækin í hinni og mynd af barnabörmunum í vasanum. **Þið eruð sagðir tækjapervertar með meiru. Hvernig græjur kveikja mest í ykkur?** Hvar eigum við að byrja? Svo lengi sem þau eru með nógu mörgum tökkum og blikkandi ljósum þá erum við ánægðir.

**Hversu þreyttir eruð þið orðnir á að svara spurningum um lagið Viltu dick?** Við verðum náttúrulega aldrei leiðir á spurningum af því að við erum allir svo miklir besserwesserar. Ef þú hittir okkur úti á götu og spyrð okkur út í Viltu dick? þá segjum við þér sko allt. Við erum hins vegar farnir að taka eftir því að áhrifin sem lagið hefur á tónleikum eru svona farin að minnka.



**KRISTJÁN ELDJÁRN HJÖRLEIFSSON**  
**Fyrstu sex:** 180889  
**Uppáhaldsplatá:** Fold Your Hands Child, You Walk Like a Peasant með Belle & Sebastian.  
**Uppáhaldshljóðfæri:** Minimoog Voyager.  
**Uppáhaldsflik:** Nærbuxur.  
**Uppáhaldsmatur:** Gulrót.

**HALLDÓR ELDJÁRN**

**Fyrstu sex:** 150591.  
**Uppáhaldsplatá:** Histoire de Melody Nelsons með Serge Gainsbourg.  
**Uppáhaldshljóðfæri:** Yamaha DX-7 og Sonor Force 3007.  
**Uppáhaldsflik:** Hvítir sokkar.  
**Uppáhaldsmatur:** Hrár með öllu nema pulsu.



**Heitasti leikurinn í dag**



vodafone.is

**Hvar fer helsta starfsemi Sykurs fram?** Aðallega í bækistöðvum okkar, Stúdíó Mosfellsbæ. Það hefur reyndar líka heitið Mesópótamía og Bransinn – þá sagði maður alltaf „ég er í Bransinum“. Svo heitir það líka Skútan, þá segir maður að maður sé „á Skútunni“. Síðan heitir salernisaðstaðan okkar Bröns svo ef maður ætlar á klósettið þá fer maður „í Bröns“. **Afkvæmi hvaða tveggja hljómsveita væri Sykur?** Lúðrasveit Reykjavíkur og Stórsveit lýðveldisins.

**Hvað er það skemmtilegasta við að vera í þessu hljómsveitarbraski?** Að vera saman og geta lúðast í friði. Líka bara að búa til kaffi og kveikja á græjunum með öllum ljósumum.

**En hvað er þá það leiðinlegasta?** Að þurfa að flytja græjurnar með ljósumum milli staða. Og þó, það

er eiginlega mjög skemmtilegt. Það er eiginlega bara ekkert leiðinlegt, annars værum við ekki í þessu.

**Hvert væri draumagigg hljómsveitarinnar?** Kannski að spila í Royal Albert Hall, eða sennilega

að spila á einhverri risastórri tónlistarhátíð með fullt af fólki.

**Fyrir utan afhjúpun Gurrýjar, við hverju má búast frá Sykri í sumar?** Það má búast við mögnuðum sumarsmelli, sem er væntanlegur, og almennu dansíþrói.

Mynd/Eggert

**NOKIA**  **vodafone**

**ÍSLANDSMÓTIÐ Í ANGRY BIRDS**

**ERU FUGLARNIR ÞÍNIR REIÐIR?**

**TAKTU ÞÁTT Í ÍSLANDSMÓTINU Í ANGRY BIRDS!**

**UNDANKEPPNIN**

**24.-25. JÚNÍ - REYKJAVÍK - FYRIR FRAMAN VERSLUN VODAFONE Í SMÁRALIND**  
 FÖSTUDAGUR, KEPPT FRÁ 16.00-19.00  
 LAUGARDAGUR, KEPPT FRÁ 12.00-16.00

**1. JÚLÍ - SELFOSS - FYRIR UTAN ARVIRKJANN**  
 KEPPT FRÁ 16.00-18.00

**2. JÚLÍ - AKRANES - FYRIR UTAN VERSLUNINA MODEL**  
 KEPPT FRÁ 12.00-16.00

**8-9. JÚLÍ - AKUREYRI - FYRIR FRAMAN VERSLUN VODAFONE Á GLERÁRTORGI**  
 FÖSTUDAGUR, KEPPT FRÁ 14.00-18.30  
 LAUGARDAGUR, KEPPT FRÁ 12.00-16.00

**15-16. JÚLÍ REYKJAVÍK - FYRIR FRAMAN VERSLUN VODAFONE Í SMÁRALIND**  
 FÖSTUDAGUR, KEPPT FRÁ 16.00-19.00  
 LAUGARDAGUR, KEPPT FRÁ 12.00-16.00

**ÚRSLITAKEPPNIN**

**21. JÚLÍ - REYKJAVÍK - FYRIR FRAMAN VERSLUN VODAFONE Í SMÁRALIND**  
 KEPPT FRÁ 16.00 OG ÞAR TIL SIGURVEGARINN STENDUR EINN EFTIR!

**ÞÚ FINNUR ALLT UM KEPPNINA Á FACEBOOK-SÍÐU VODAFONE IS**

**GLÆSILEG VERÐLAUN Í BOÐI!**

**KOMDU AÐ LEIKA!**

# VÍNÝLPLÖTUR FYRIR PERVERTA

**Prinspóló** er á leið til Póllands í tónleikaferðalag í haust og gaf plötuna sína, **Jukk**, út erlendis í síðustu viku. Honum líst samt ekkert sérstaklega vel á það.



**Hvernig viðtökur hefur Jukk fengið?**

Platan hefur fengið góðar viðtökur hjá flestum. Einn gaur sagði nefnilega að þetta væri svona lala plata en allir aðrir hafa bara gott um hana að segja.

**Hvernig líst þér á að gefa plötuna út erlendis?**

Mér líst „semi“ vel á það. Ég held samt að útlandingar hlusti ekki á svona tónlist. Það er líka hægt að ná í plötuna á Netinu á Prinspóló.com þannig að ég fatta ekki alveg þælinguna á bak við þessa útgáfu.

**Af hverju er hún einnig gefin út á vínýl?**

Ég er ekki alveg viss en mér skilst það sé gert fyrir einhverja perverta. Það er víst til hópur fólks sem er með blæti fyrir vínýlplötum og þá er ég ekki bara að tala um 45 snúninga vínýlplötur með stóru gati.

**Hvað ætlar þú að gera í sumar?**

Ætli ég haldi ekki áfram að semja ný lög, spila gömul lög, grilla eplabörk og fara í sund. Þetta veltur samt svolítið mikið á veðrinu í sumar.

**Hvað tekur svo við í haust?**

Þá þarf að slökkva í grillinu. Kannski fer ég að læra lyfjafræði eða hagfræði í háskólanum. Ég held að það sé mjög gaman að vera hagfræðingur í dag. Eða kannski tannlæknir? Síðan held ég í tónleikaferðalag til Póllands í september.

**Verður þetta stórt tónleikaferðalag?**

Það held ég nú. Það verða tvær lifandi kýr á sviðinu og stórar marmelaðikrúkkur á alla kanta. Við verðum með svipað hljóðkerfi og Gusgus og síðan verða súkkulaðigosbrunnar og tungsljós á svæðinu. Auðvitað er þetta allt umhverfisvottað.

**Hvað ert þú að hlusta á þessa dagana?**

Það sama og venjulega bara, Bruce Springsteen og HLH-flokkinn.



**Vertu rétt stilltur**



vodafone.is





# SMARTLAND

MÖRTU MARÍU



ÁFANGASTAÐUR  
FYRIR SKVÍSUR Á  
ÖLLUM ALDRI  
[mbl.is/smartland](http://mbl.is/smartland)

[mbl.is](http://mbl.is)

# Stemning í sveit

Hvergi skapast jafn töfrandi stemning og á flottum tónleikahátíðum. Þá er sama hvort um sé að ræða í frosti og skjálfta á Iceland Airwaves eða í steikjandi hita og svita á meginlandi Evrópu. Á hverju sumri fer fram aragrúi af flottum hátíðum út um allan heim og tók **Monitor** út flottustu hátíðir sem Evrópa býður upp á í sumar.

## Glastonbury


England • 22. – 26. júní



### Stærstu nöfnin í ár:

- Beyoncé
- Coldplay
- Morrissey
- Queens of the Stone Age
- U2

Þótt Glastonbury Festival sé allsherjar listahátíð sem inniheldur á dagskrá sinni dans-, uppstand- og sirkusatriði, svo eitthvað sé nefnt, er hún án efa þekktust sem tónlistarhátíð. Hátíðin var fyrst haldin árið 1970 og mættu 1500 manns á hana það árið. Í ár verða hátíðargestir 135.000 talsins en það seldist upp á hátíðina fjórum klukkustundum eftir að hún opnaði á netinu. Gefið hefur verið út að hátíðin verði ekki haldin að ári en í stað þess verður graslendi tónleikasvæðisins gefinn friður til að jafna sig.



### Jay-Z afgreiddi sín vandamál



Sumarið 2008 vakti mikla athygli að rapparinn Jay-Z yrði aðalnúmerið á hátíðinni. Hann varð þar með fyrsti rapptónlistarmaðurinn til að vera aðalnúmer á Glastonbury og vöknudu margar gagnrýnisráðir í kjölfarið. Á meðal gagnrýnenda var Noel Gallagher úr Oasis. Til að svara gagnrýni Gallagher opnaði Jay-Z tónleikana sína með því að standa fremst á sviði með rafmagnsgítar og taka bít úr lagi Oasis, Wonderwall sem hann tengdi síðan við eitt af sínum frægustu lögum, 99 Problems.

## Oxegen

Írland • 8. – 10. júlí

Írská hátíðin Oxegen er tiltölulega ung að árum en hún var fyrst haldin árið 2004. Síðan þá hefur hún verið í mikilli sókn en á heimasíðu hátíðarinnar er hún titluð sem stærsta hátíð Evrópu. Hún hefur stundum verið uppfærð „Glastonbury-hátíð Írlands“ vegna þess hve áþekkt dagskrá hátíðinna vill oft verða. Tónleikasvæðið rúmar upp undir 90.000 gesti.

### Tvíburabróðir Oxegen

Sömu helgi og Oxegen er haldin fer fram hliðstæð hátíð í Skotlandi sem nefnist T in the Park. Þær fara alltaf fram sömu helgina á ári hverju og er dagskrá þeirra iðulega keimlík. Til að mynda koma Arctic Monkeys, Coldplay, Beyoncé, Foo Fighters, og The Strokes öll fram á T in the Park, líkt og á Oxegen í ár.



### Stærstu nöfnin í ár:

- Arctic Monkeys
- Beyoncé
- Black Eyed Peas
- Coldplay
- Foo Fighters
- The Strokes



### Blink-182 beiluðu

Á tímabili stóð til að amerísku háskólarokkaramir Blink-182 tækju pláss á þéttskipaðari dagskrá Oxegen. Skyndilega breytti hljómsveitin hins vegar áformum sínum um Evróputúr og þurfti hún því að bakka út úr hátíðinni.



## Benicàssim

Spánn • 14. – 17. júlí

Í Castellón-héraði fer fram á ári hverju hátíðin Benicàssim sem er í senn allsherjarlista- og frelsishátíð. Staðsetning hátíðarinnar er afar svöl en hún fer fram í grennd við hafid og manngerðar strandir. Fyrsta Benicàssim-hátíðin var haldin fyrir 16 árum, árið 1995. Þess má geta að árið 2008 var Sigur Rós stærsta nafnið á aðalsviði opnunarkvöldisins á hátíðinni.



### Allt í ljósum logum

Árið 2009 virðist stuðið á Benicàssim farið fram úr öllu hófi því á föstudagskvöldi hátíðarinnar kviknaði mikið bál á tónleikasvæðinu sem olli því að meðal annars Kings of Leon, eitt af aðalnöfnum hátíðarinnar, varð að aflýsa uppþroðslu sinni. Kaldhæðnislegt verður að teljast að ein af hljómsveitunum sem var á dagskrá hátíðarinnar árið 2009 var hljómsveitin Friendly Fires.



### Stærstu nöfnin í ár:

- Arcade Fire
- Arctic Monkeys
- The Strokes
- Tinie Tempah

## Rock Werchter

Belgía • 30. júní – 3. júlí



Rock Werchter er sögð ein af fimm stærstu tónleikahátíðum Evrópu ásamt Roskilde, Glastonbury, Oxegen og Sziget Festival. Hún hóf göngu sína árið 1977 en höfðaði fyrst og fremst til flæmskumælandi fólks um það bil fyrstu 20 árin. Tónleikasvæðið tekur um 80.000 tónleikagesti. Björk hefur troðið upp á hátíðinni þrisvar, árin 1996, 1998 og 2003.

### Stærstu nöfnin í ár:

- Arctic Monkeys
- Black Eyed Peas
- Coldplay
- Iron Maiden
- Kings of Leon



# tum tjöldum



## Roskilde

Danmörk • 30. – 3. júlí



### Stærstu nöfnin í ár:

- Arctic Monkeys
- Iron Maiden
- Kings of Leon
- M.I.A.
- The Strokes



### Nektarhlaupið

Frá árinu 1998 hefur svokallað nektarhlaup verið fastur liður á Hróarskelduhátíðinni. Það fer fram á laugardagskvöldi og er krýndur einn sigurvegari í karlaflokki og einn í kvennaflokki og fá þeir tveir miða á hátíð næsta árs að launum.

Hróarskelduhátíðin í Danmörku er flestum Íslendingum kunnug. Hátíðin var sett á laggirnar árið 1971 af tveimur strákum á menntaskólaaldri í bænum Roskilde. Síðan þá hefur hátíðin gjörsamlega sprungið út og er ein af fimm stærstu hátíðum sinnar tegundar í Evrópu. Í vetur hafa reyndar heimamenn í Danmörku og fleiri gagnrýnt „lænöpp“ ársins í ár og sagt það agalegt í samhengi við þann fjölda frægra tónlistarmanna og hljómsveita sem eru á tónleikaferðalagi um Evrópu þetta sumarið. Þess má geta að Agent Fresco og Ólöf Arnalds koma fram á hátíðinni í sumar.



## Pukkelpop

Belgía • 18. – 20. ágúst



### Stærstu nöfnin í ár:

- Duck Sauce
- Eminem
- Foo Fighters
- Fleet Foxes



Pukkelpop er önnur tveggja hátíða sem komast hér á blað sem haldin er í Belgíu. Hún er að visu minni en Rock Werchter en hefur þó átt góðu gengi að fagna undanfarin ár. Fyrsta hátíðin fór fram árið 1985. Ýmsar goðsagnakenndar hljómsveitir hafa troðið þar upp í gegnum tíðina en til dæmis má nefna að fyrir 20 árum stigu þar á svið Kurt Cobain og félagar hans tveir í Nirvana. Trommarinn í henni var að sjálfsgöðu Dave Grohl og hann mætir aftur á hátíðina í sumar með Foo Fighters.



# „Þú ert með afar áhugaverd andlit“

**Anna Jia** er ein heitasta fyrirsæta landsins þrátt fyrir að vera aðeins á átjándra ári. Hún vann Elite-stúlkuna í fyrra og keppti í Elite International Look í Kína. Nýverið fékk hún umfjöllun á Models.com en flestir þekkja hana sennilega frá Kringluuglýsingunum.

Texti: Einar Lövdahl Gunnlaugsson  
Myndir: Ernir Eyjólfsson

einar@monitor.is  
ernir@mbl.is

**Hvernig hófst fyrirsætuferillinn?** Ég var á kaffihúsi á Menningarnótt með systur minni þegar ég var svona fjórtán ára og þá labbaði kona upp að mér sem heitir Marie France og sagði: „You have a really interesting face“ og bað mig um að koma í myndatöku fyrir Kringluuglýmíng. Þess má til gamans geta að einu og hálfu ári síðar var ég kominn í Kringluuglýmíngunum.

**Hvert var fyrsta alvöruverkefnið þitt?** Fyrsta alvöru-myndataka sem ég fór í var fyrir Nýtt líf. Mér fannst það ótrúlega skrytið, þetta konsept að brosa með augnum tekur alveg sinn tíma að koma. Allt dæmið tekur líka lengri tíma en flestir gera sér grein fyrir. Bara það að gera hárið klárt fyrir þá myndatöku tók tvo klukkutíma en ég var líka með afró.

**Þú varst reyndar líka áberandi á sjónvarpsskjám í beinni útsendingu frá handboltaleik íslenska landsliðsins á ÓL í Peking. Fékkstu einhver viðbrögð við því þegar þú komst heim?** Þetta var með því skemmtilega sem ég hef gert. Ég var í Kína á sama tíma og Ólympíuleikarnir voru svo við ákváðum að kíkja á leik. Í byrjun vorum við fjögur sem studdum Ísland í stúkunninni, samt í fullum íslenskum skrúða. Það voru alltaf miklu fleiri stuðningsmenn hjá hinum liðunum svo við fengum Kínverjana í stúkunninni til að byrja að kalla „Bing dao“ sem þýðir Ísland. Það sem mér fannst myndnast var að Óli Stef sagði síðan í sjónvarpsviðtali: „Já, svo voru Kínverjarnir bara farnir að styðja okkur og öskrandi „Bing dao“, ég skil ekki alveg hvað það var,“ en það var sem sagt þökk mér og mínu fólk.

**Hvenær fáttaðirðu að fyrirsætuferillinn væri eitthvað sem þú hefðir áhuga á að stunda af krafti?** Ég veit það ekki alveg. Þetta hefur alltaf verið fínt að gera þetta með skólanum og fínt að fá smá pening fyrir verkefni. Svo gengur þetta líka út á að fá myndir í möppu. Ég var aldrei farin að pæla í að gera eitthvað meira úr þessu fyrr en eftir Elite-keppnina.

**Flestir kannast sennilega við þig sem andlit Kringlunnar. Hvernig var að prýða veggi verslunarmiðstöðvarinnar allan þennan tíma?** Það var rosa skrytið. Það var mjög skrytinn tilfinning að keyra framhjá Kringlunni og sjá 13 metra hátt spjald af sjálfum sér. Fólk byrjaði samt ekkert að tengja mig við Kringluna fyrr en eftir svona fyrsta árið. Annars slapp ég alveg við allt svona: „Hey, ert þú Kringlustelpan?“. Þetta var bara skemmtileg tilbreyting.

**Það hefur aldrei staðið til að taka þetta alla leið og færa lögheimili þitt í Kringluna?** Heyrðu nei, en það var nú tekinn upp einn skets í MR þegar ég var busi þar sem bandarinn var að þeir fóru upp á þriðju hæð í Kringlunni, bönkuðu á einhverja hurð og ég kom til dyra.

**Þessu hlýtur þó að fylgja einhver athygli. Hvernig hefur hún lagst í þig?** Fólk er ekki beint að koma upp að manni edru, kannski drukkið niðri í bæ. Annars hefur þetta aldrei farið út í ofgar, bara verið skemmtilegt. Ég er reyndar búin að lenda alveg fáránlega oft í því að fólk í ratleik komi upp að mér og biðji um mynd af sér með mér. Þetta hefur gerst í ræktinni, á Laugaveginum og alveg meiriháttar fyndið.

**Þú sigraðir í Elite-keppninni í haust. Hvernig kom þátttaka þín til?** Ég fékk bara símhringingu frá þeim sem héldu keppnina. Ég vissi bara að þetta væri lítil fyrirsætukeppni

## HRADASPURNINGAR

**Afmælisdagur:** 15. október

**Fallegasti karlmaður heims:** James Franco.

**Fallegasti staður heims:** Kínabúinn við sólsetur er mjög ofarlega af því sem ég hef séð en svo eru líka svo margir fallegir staðir sem maður á eftir að sjá.

**Besti skyndibitinn:** Búllan er best, tilboð aldarinnar og bernaise er mmm...

**Versti matur sem ég hef smakkað:** Grilluð chillímarineruð silkipúpa á priki (án gríns!).

**Uppáhaldshljómsveitin:** Sigur Rós er svolítið uppáhalds.

**Uppáhaldsfatabúð:** Urban Outfitters og Monki.

**Helsti kostur:** Það er mjög létt að koma mér í gott skap.

**Versti ávani:** Ég á það svolítið til að vera á síðustu stundu með hlutina – slæmur ávani.



og að sigurvegarinn fengi að fara til Kína og taka þátt í alþjóðlegu keppninni. Mér fannst náttúrulega mjög heillandi að geta aðeins skroppið til Kína enda á ég rætur að rekja þangað. Ég var ekkert alveg viss hvort ég ætlaði að taka þátt en hugsaði svo bara „af hverju ekki?“. Er líka einmitt á aldrinum til að prófa svona hluti. Svo byrjuðu einhverjar æfingar, maður fór út að borða með stelpunum og bara voða gaman.

**Nú er nauðsynlegt að spyrra, bjóstu við sigrinum?** Ég bjóst svo sem ekki við miklu þar sem ég er hálfásísk og ég bjóst einhvern veginn við að þau myndu frekar vilja mjög týpíska íslenska stelpu með „fjallkonu lúkkið“, ljóshærða og bláeygða. En þetta kom virkilega skemmtilega á óvart og var ótrúlega gaman. Ég man reyndar alveg mjög takmarkað eftir þessu, ég upplifði keppnina sjálfa eins og hún hefði gerst á tíu mínútum.

**Hvernig var að vitja uppruna síns í Kína í fyrirsætuferlinum?**

Það var frábært. Það bjóst enginn við því að það yrði stelpa þarna sem talaði íslensku, ensku, kínversku, smá dönsku og jafnvel einhverja spænsku. Ég var orðin túlkur þarna á tímabili, af því að Kínverjar eru nú ekkert voðalega góðir í ensku. Á hótelinu og í matsalnum þurfti ég stundum að sætta Kínverja og Frakka sem voru að vinna saman með sínar mismunandi hefðir og aðferðir. Ég var þekkt sem stelpa sem talaði öll þessi tungumál, það var mjög gaman. Síðan fékk ég að hitta kínverskar frænkur mínar, þær komu að horfa á keppnina og það var rosalega gott að hafa einhvern þarna úti sem maður þekkti. Eitt það eftirminnilegasta var reyndar líka að fá að fara í myndatöku hjá kínversku útgáfu tímaritsins Elle.

**Það var í fréttum að frönsk sjónvarpsstöð hefði fylgt þér eftir þarna úti. Hvernig var það?**

Það voru bara myndavélar á mér allan daginn, það var mjög spes. Þeir voru til dæmis einu sinni að mynda mig á meðan ég var að lesa bók, voru svona alveg ofan í manni með vélinu, og endaði maður í raun bara á að vera að þykjast lesa. Ég skil ekki hvernig fólk eins og Kardashian-fjölskyldan getur lifað með svona myndatökulíðu í kringum sig.

**Kynntist þú síðan einhverjum fyrirsætum frá öðrum löndum?**

Já, ég var í herbergi með stelpu frá Nígeríu. Hún heitir Chika Manuela, voða hress stelpa en dálítið öðruvísi því menningarmunurinn á Íslandi og Afríku er auðvitað mikill. Til dæmis labbaði ég einu sinni á herbergi þá var hún á fjórum fótum á gólfinu, sparkandi út í loftið.

Hún var þá að stunda líkamsræktina sína. Síðan var hún eiginlega sköllótt þannig að hún notaði tannbursta til að þússa á sér höfuðið í staðinn fyrir að burstu á sér tennurnar.

**Nýjasti sigur þinn var sennilega að verða fyrsta íslenska fyrirsætta sem kynnt er sem „nýtt andlit“ á Models.com. Hvaða þýðingu hefur þetta?**

Það er náttúrulega mjög gott að komast inn á þessa síðu, mér finnst ég mjög heppin. Þangað fer fólk úti í heimi til að leita að nýjum andlitum því það er alltaf verið að leita að einhverju nýju og „fersku“. Mér skilst að einhver kona þarna hafi bara verið að vafra um á netinu og hafi svo rekist á mig.

**Hvernig er að taka þátt í geira þar sem þú byggir mestalla velgengni þína á útlitinu?**

Auðvitað ætti það aldrei að vera þannig en því miður gengur þetta bara út á útlitið. Ég meina sumar fyrirsætta geta verið bara drulluleiðinlegar, ég kynntist mörgum þannig stelpum þarna úti. Þær voru ótrúlega fallegar en voru síðan bara með leiðinlegri manneskjum sem ég hef kynnt. Síðan getur þetta auðvitað orðið til þess að fólk verður bara virkilega ástfangið af sjálfum sér sem er mjög leiðinlegt.

**Hefurðu fengið einhverjar góðar ráðleggingar í bransanum?**

Ég hef svo sem próað með sjálfri mér þannig hugsunarhátt að það verður alltaf til fólk sem fílur þig ekki eins og þú ert en það verður líka til fólk sem fílur þig alveg rosa vel. Það er enginn það fullkominn að allir elski hann og maður má ekki láta á sig fá þótt maður sé gagnrýndur, því það er mikil gagnrýni í þessum geira.

**Ertu með einhver fegurðarrád?**

Bara að hreyfa sig reglulega. Ef maður er heilbrigður þá skín það alveg í gegn.

**Hvernig er með rígin og samkeppnina milli fyrirsæta? Er ekki eitthvað um svoleiðis hérna á hinum litla markaði á Íslandi?**

Jú, ég á fullt af „frenemies“ (hlær). Nei, nei, það eru svo margar stelpur sem eru að módelast og fyrir mér gengur þetta bara meira út á að styðja og samgledjast. Þetta er ekki svona eins og í bíómyndunum.

Ég er reyndar búin að lenda alveg fáránlega oft í því að fólk í ratleik komi upp að mér og biðji um mynd af sér með mér.

**Nú ertu aðeins farin að láta til þín taka í fyrirsætuferlinum fyrir utan landsteinana. Heldurðu að það nýtist þér að vera hálfíslensk og háfkínversk?**

Ég gæti vel trúað því að það nýtist mér í Kína. Þar er alltaf verið að sækjast eftir einhverju nýju og vestrænu, en samt vilja þeir halda í þetta kínverska. Ég er kannski svona millivegurinn. Það gæti verið skemmtilegt að reyna að komast sér inn á Kínmarkað.

**Segðu mér aðeins frá kínverska upprunanum.**

Þabbi minn kom upprunalega frá Kína til að þjálfra blak, hann var sjálfur í kínverska blaklandsliðinu. Það gekk síðan svo vel, gerði líðið mjög gott, þessi kínverski agi sko. Samningurinn var framlengdur og síðan hefur hann gert ýmislegt hér á landi. Stofnaði til dæmis



viótalió



## BRANSINN

**Hver væri draumaforsíðan þín?** Fyrir utan Monitor, auðvitað, þá væri það örugglega framan á i-D Magazine.

**Hver er besti ljósmyndari sem þú hefur unnið með?** Klárlega Ari Magg.

**Hver er flottasta íslenska fyrirsætun?** Myndi segja að það væri Brynja Jónbjarnardóttir, hún er að gera mjög góða hluti. Annars erfitt að segja, svo margar flottar.



**Hver er fyrirmynd þín í fyrirsætubransanum?** Engin sérstök en Gemma Ward er samt uppáhalds.

**Hvort myndirðu frekar fara í ísbiltúr með Kate Moss eða Gisele Bündchen?**

Ef þær tvær börða ís þá örugglega Kate Moss, held að hún sé skemmtilegri.



**Hvort myndirðu frekar keppa við Heidi Klum eða Adriana Lima í íslenskrí bændaglímu?** Örugglega Heidi Klum, líklegra að ég myndi vinna hana. Annars veit ég ekki alveg með þessa bændaglímu.

**Hvort myndirðu frekar fara að versla með Tyru Banks eða Victoríu Beckham?** Klárlega Victoríu Beckham, finnst hún snílld.

veitingastaðinn Asíu með félagu sínum, heldur úti Kínversku nuddstofunni á Skólavörðustíg og fleira. Síðan kynntist hann mömmu og hér er ég.

### Hefurðu verið mikið í Kína?

Ég hef farið 11 sinnum til Kína. Við höfum alltaf reynt að fara þegar við getum og ég er komin á það stig að það að koma á flugvöllinn í Beijing er bara eins og að lenda í Keflavík. Ég elska að lenda þar, þetta er alveg orðið mitt annað heimili. Ég er mjög þakklát fyrir að kunna tungumálið og ég held að það eigi eftir að nýtast mér. Ég byrjaði reyndar mjög seint að læra kínversku, ég vildi aldrei tala hana þegar ég var lítil þar til ég var svona tíu. Ég finn samt alveg að ég er með skrytinn hreim. Ættingjum mínum finnst mjög fyndið að hlusta á mig tala fyrstu dagana eftir að ég kem út.

### Hvernig finnst þér kínverskir strákar?

Ég fílaði kínverska stráka ekki þegar ég var yngri, þá fannst mér þessir evrópsku alveg málið. Núna sé ég hins vegar alveg einn og einn kínverskan strák sem mér finnst ótrúlega sætur. Það er gaman að þessu.

### Hvernig er með nafnið þitt, ber fólk það almennt rétt fram hérlendis?

Nei, það gerir það reyndar ekki en ég saka það svo sem ekki. Það er skrifað J-I-A og það les það auðvitað bara þannig. Ég hef heyrt allar mögulegar útgáfur af framburði nafnsins, eftirminnilegt er til dæmis Anna „Jíha“. Þetta er í raun borið fram eins og dansinn cha-cha-nema bara einu sinni, Anna Jia.

### Varstu alltaf sæta stelpa í bekknum í grunnskóla?

Nei, langt því frá. Ég var alltaf svona ípróttastelpa. Ég held að ég hafi ekki byrjað að ganga í gallabuxum fyrr en í sjöunda bekk, var alltaf bara mjög sátta í ípróttagallanum.

**Þú birtist á sjónvarpsskjám landsmanna sem liðsmaður Hagaskóla í Skólahreysti 2008 sem bar einmitt sigur úr býtum það ár. Var það ekki þar sem þú slóst í gegn?** Heyrðu, þá komst ég í Morgunblaðið, það var mjög gaman. Ég hef alltaf verið rosamikið ípróttafrik. Ég var á sínum tíma í handbolta, fótbolta og dansi og svo átti ég nú sprettmet í Hagaskóla á sínum tíma.

### Þú ert hálfnuð í menntaskóla. Hvernig kanntu við þig þar?

Ég er rosa glöð að hafa farið í MR. Maður bjóst kannski ekki alveg við því að það yrði svona skemmtilegt félagslíf en ég hef tekið virkan þátt, til dæmis í leiksýningunni á Herraótt, kórnum og fleira.

### Áttu þér einhver langtímamarkmið í námi, fyrirsætustörfum og lífinu?

Mig langar að mennta mig vel. Ég stefndi alltaf á læknisfræði en ég veit ekki hvort ég sé ennþá á því. Ég er ekki með nein markmið í fyrirsætustörfum. Þetta hefur einhvern veginn allt bara gerst, ég hef ekki verið að vinna eitthvað rosalega mikið í því og þetta er örugglega ekki eitthvað sem ég kem til með að leggja fyrir mig – nema að þetta taki eitthvað svaka stökk á næstunni. Akkúrat núna langar mig bara að mennta mig og lifa lífinu.

**Ég meina sumar fyrirsætur geta verið bara drulluleiðinlegar...**

### Gætirðu sem sagt ekki hugsað þér að flytja út til að reyna fyrir þér í fyrirsætubransanum?

Ég ætla nú að flytja til Kína eftir MR og kannski þá gæti maður verið að stússast í fyrirsætustörfum. En draumurinn þegar ég flyt til Kína er að fá vinnu í Disney World sem leikari í hlutverki Pocahontas.

### Þegar þú verður fimmtug, hvort gætirðu frekar hugsað þér að vera lækni eða skólastýra fyrirsætuskóla Önnu Jia?

Guð, ég veit það ekki. Ef ég væri með þennan skóla þá hlyti það að þýða að fyrirsætuferrillinn minn hefði verið mjög farsæll. Ef ég væri eitthvað „legend“ í þessum bransa, þá myndi ég velja það frekar. Það myndi líka þýða að ég væri algjör milli (hlær).

### Áttu þér einhverja fyrirmynd í lífinu?

Já, það hljómar örugglega eitthvað týpískt en það er pabbi minn. Hann er besti vinur minn og frábær fyrirmynd. Sem manneskja langar mig að mörgu leyti að læra að sjá lífið eins og hann. Hann er með svo góða svona „lífshéimspéki“, hvernig hann hugsar um hlutina, tekur hlutunum og svo framvegis finnst mér bara alveg magnað. Hann er algjörlega fyrirmyndin mín þáft sem einstaklingur og foreldri.

### Eru fyrirsætugenin komin frá honum?

Nei, ég hugska ekki, hann frýs alltaf með sama svipinn fyrir framan myndavélina.



At the heart of the image



**I AM** POPULAR

## Með COOLPIX S3100 tekur þú skemmtilegri myndir

Nett og meðfærileg myndavél með 14 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 5x aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 7 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**Verð 29.995.-**

## KAUPAUKI!

Innifalið í kaupum á S3100 myndavél fylgir taska og 4GB minnskort að verðmæti kr 8.000kr.



Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

### SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - [www.ht.is](http://www.ht.is)  
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – [www.sm.is](http://www.sm.is)  
Beco – Langholti 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - [www.beco.is](http://www.beco.is)  
Fotoval – Skipholt 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – [www.fotoval.is](http://www.fotoval.is)  
MAX – Kaupún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – [www.max.is](http://www.max.is)  
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – [www.hagkaup.is](http://www.hagkaup.is)  
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – [www.tl.is](http://www.tl.is)

### SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINI

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.



### ELSTA

Fiskabuxurnar sem mamma keypti þegar hún var ung í Feneyjum og gaf mér svo áratugum seinna. Þær eru sjúklega skemmtilegar og mjög gaman að klæðast þeim í skólanum. Þær lífga upp á skammdegið á veturna.



### DÝRASTA

Burberry-kápa. Nota hana þegar það er gott veður og mig langar að vera rosa fín. Það er mjög gaman að klæðast henni þegar maður er í stórborg eins og til dæmis París eða New York og vill vera sjúklega chic.

## Litríkar flíkur ómissandi í sumar

**Dóra Júlía Agnarsdóttir** er 18 ára danskennari og mennta-skólanemi sem er með einstaklega fallegan smekk.

**Stíllinn** fékk að forvitnast um hennar persónulega stíl.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum í fimm orðum?** Glingraður, framandi, fjölbreyttur, stutthærður og 60' s.

Úlnliðnum eins og Sienna Miller er með. Svo stal frænka mín hugmyndinni minni og fékk sér alvöru þannig. Annars myndi mig smá langa í texta úr ljóði eftir Einar Benediktsson; „Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt“ á herðablaðið eða eitthvað.

**Hver er uppáhaldshönnuðurinn þinn?** Ég get ekki sagt að ég eigi neinn uppáhaldshönnuð þar sem ég hef oft ekki hugmynd um hver hannaði flíkurnar sem ég geng í, eins vandræðalegt og það er. Ég elska Urban

### fataskápurinn

**Hvaða flík er ómissandi að þínu mati fyrir**

**sumarið?** Sumarkjöll í fallegum lit. Mér finnst allt litríkt vera ómissandi um sumar en samt ekki æpandi neongleði. Mér finnst það alveg skelfilegt. Svo er líka ómissandi að eiga fallegan jakka sem heldur á manni hita á sumarkvöldum.



Outfitters, Topshop og American Apparel en svo er auðvitað alltaf gaman að lenda á skemmtilegum mörkuðum eða í litlum hönnunarbúðum sem selja einstakar flíkur. Ég fór til dæmis í mjög skemmtilega búð í Amsterdam þar sem kona í bakherberginu saumaði flíkurnar sjálf, ótrúlega kúl! Mamma mín er líka snillingur í að sauma og hún saumar oft kjóla fyrir mig.

**Hversu mörg skópör átt þú?** Eftir að hafa talið öll sem ég kom auga á eru þau í kringum 30, bæði hælur og lágbotna. Ég elska dömulega drengjaskó alveg jafn mikið og háa hæla.

**Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvað myndir þú fá þér og hvar?** Ég hef lengi vel þælt í þessu þar sem mig langar alveg í tattú. Einu sinni fékk ég mér hennatattú sem var fugl aftan á

### ÞÆGILEGASTA

Munstraður sloppur sem ég erfði frá afa mínum. Hann hafði ótrúlega fágæðan og glæsilegan smekk og þessi sloppur er bæði fallegur og ótrúlega kósý. Ég nota hann helst þegar ég kem úr sturtunni eða pottinum. Því miður get ég lítið farið út á almannaferi í honum.

### SKRÍTNASTA

Það eru líklega klofhá rúskinnstígvél sem ég keypti á Portobello Road í London þegar ég var 15 ára. Portobello er risastór útmarkaður þar sem alls konar eldri listaspírur selja af sér spjarirnar og þar er svo sannarlega hægt að rekast á skrítnar og skemmtilegar flíkur. Þó að ég hafi bara notað þau einu sinni er mjög gaman að eiga þau. Maður veit aldrei hvenær þau koma að gagni.



### NÝJASTA

Blár blúndusumarkjöll sem mamma var að gefa mér í síðustu viku. Hann er keyptur í Topshop og ég er alveg ótrúlega ánægð með hann. Ég get bæði notað hann þegar ég djamma og líka ef ég vil vera fín þegar ég labba niður í bæ eða eitthvað svoleiðis.



### FLOTTASTA

Jakki úr Karen Millen. Mér finnst hann svo Jacky Kennedy-legur og maður virkar mjög virðulegur í honum sem er alltaf mjög gaman. Ég nota hann við fín tilefni, veislur og fín matarboð.

### BESTA

Rauður leðurjakki með kögri sem ég keypti í Kolaportinu. Ég gjörsamlega elska að klæðast honum, helst á sumrin þegar veður leyfir. Hann er frekar fönki flík svo að það passar best að vera í frekar látlausum fötum við.



Besti hlaupafélaginn

vodafone.is



# VERTU AAAA VIÐ HÁRIÐ



**ÞÚ REYNIR AÐ SLÉTTA ÞAÐ OG BLÁSA  
EN VIÐ ÞAÐ SKADDAST HÁRIÐ OG  
VERÐUR ENN ERFIÐARA.**

NÝTT DOVE INTENSE REPAIR SJAMPÓ OG HÁRNÆRING MED  
FIBER ACTIVETECHNOLOGY SMÝGUR DJÚPT Í HÁRIN OG BYGGIR  
ÞAU UPP INNAN FRÁ ÞANNIG AÐ HÁRIÐ LIFNAR VIÐ AÐ NÝJU.



**Dove**  
repair therapy

**DOVE INTENSE REPAIR ER SÉRFRÆÐIMEÐFERÐ FYRIR MEÐHÖNDLAÐ HÁR.**

1



2



TAKIÐ SKIPTINGU FRÁ HÆSTA PUNKTI EYRANS  
GOTT ER AÐ SETJA SMÁ HÁRSPREY Í HÁRIÐ AFTUR AÐ HNAKKA, UM ÞAÐ BIL 3-4  
ÁÐUR EN BYRJAÐ ER Á GREIÐSLUNNI. SENTÍMETRUM FYRIR OFAN HNAKKABEINIÐ.

3



4



HÆGT ER AÐ SKIPTA AFTARI HLUT-  
ANUM Í TVENNT OG GERA FASTA  
FLÉTTU EINS OG GEIRI GERIR EN  
TÚBERIÐ LÉTTILEGA ALLT HÁRIÐ AÐ  
FRAMAN OG BURSTIÐ AFTUR Í HÁTT TAGL.  
EINNIÐ ER HÆGT AÐ GERA VENJU-  
LEGA FLÉTTU ÚR AFTARI HLUTANUM.

5



6



7



TAKIÐ HÁRIÐ SEM ER FYRIR  
OFAN FLÉTTUNA OG FESTIÐ Í  
TAGLIÐ MEÐ SPENNUM. SNÚIÐ HÁRINU  
Í KRINGUM TAGLIÐ TIL AÐ FELA TEYGJUNA.

TÚBERIÐ TAGLIÐ.

AÐ LOKUM ER FLÉTTAN  
SETT Í KRINGUM HÖFUÐIÐ  
OG FEST HINUM MEGIN  
MEÐ SPENNUM.

# Einfalt sumartagl og litrík förðun

Geiri pönk sýndi Stílnum hvernig á að gera einfalda og flotta hárgreiðslu fyrir sumarið og nota skæra liti í förðun.



BERGPÓRA  
NOTAÐI  
APPELSÍNU-  
GULAN, BLÁAN  
OG GULAN Í  
AUGNFÖRÐUN-  
INA. FÖRÐUNIN  
ER EKKI EINS  
Á BÁÐUM  
AUGUM, LÁTIÐ  
SKÖPUNAR-  
GLEÐINA RÁÐA!



VARALITURINN  
ER SKÆRAPP-  
ELSÍNUGULUR.  
APPELSÍNU-  
GULIR VARA-  
LITIR ERU  
ÞEIR ALLRA  
HEITUSTU Í  
SUMAR.



SUMARLEG, ÖÐRUVÍSI  
OG EITURFERSKI!

Fyrirsæta: Heiða Skúladóttir.  
Hár og stílisering: Geiri pönk.  
Förðun: Bergþóra Þórsdóttir.  
Skór, sokkabuxur og klútur fást  
í Kastaníu Höfðatorgi.  
Neglurnar eru frá Nails Inc.



Bættu skorið



vodafone.is



Myndir/Sigurgeir S



**Grimmhildur Grámann**  
**„EITRIÐ FYRIR ÞEIM, DREKKIÐ ÞEIM OG BERJIÐ ÞÁ Í HÖFUÐIÐ!“**

Þessi kona elskar feldi og er stórhættuleg öllum dýrum. Hún gerir hvað sem er til að komast yfir skinn litlu sætu dalmatíuhvolpanna, hrein illska!

**Kjartan**  
**„ÉG HATA STRUMPA!“**

Geðilli seiðkarlinn Kjartan ætlar sér að ná strumpunum og beitir til þess ýmsum brögðum. Kjartan er kannski ekki mjög vígalegt illmenni en áætlun hans er að safna sem flestum strumpum fyrir galdra-seiði sem breytir grunnefnum í gull. Eintóm græðgi í þessum illmennum alltaf hreint!



# Illmenni sem þú hræðist enn

Andvökunætur vegna ógurlegra galdrakarla, kolkrabba-kerlinga og valdagráðugra ljóna ættu allir að kannast við. **Monitor** tók saman nokkur kaldrifjuð illmenni sem lesendur vilja þó mögulega ekki endurnýja kynnin við.



**Skari**  
**„ÉG DRAP MÚFASA!“**

Illi bróðir konungsins Múfasa vill ólmur verða konungur Ljósukletta, jafnvel þó hann þurfi að drepa bróður sinn og bróðurson í leiðinni. Skara tekst aðeins að drepa Múfasa en í illsku sinni fær hann ungan Simba til að taka á sig sökina.

**Hades**  
**„PÚFF, SLÖKKNADI Á MÉR?“**

Hades er líklega skemmtilegasta illmennið þar sem hann er alltaf með mikla kaldhæðni og góða brandara til að hylma yfir illskuna. Engu að síður er hann guð undirheimanna og vill Herkúles, son Seifs, feigan svo það er bannað að láta sér líka vel við hann.



**Úrsúla**  
**„ÞAÐ SEM ÉG VIL FÁ ER...RÖDDIN ÞÍN.“**

Úrsúla er ein sú illskettasta í bransanum og safnar sálum marfólks sem hún lætur þjást það sem eftir er. Kvikindlið er hálfur kolkrabbi og hálf kerling sem malar sig meira en hæfilegt þykir.

**Jafar**  
**„HVERSU OFT ÞARF ÉG AÐ DREPA ÞIG DRENGUR?“**

Illi seiðkarlinn Jafar starfar sem ráðgjafi soldánsins en bregður sér einnig í líki gamals kryplings, kóbraslöngu og anda. Hans eina ósk er að ná völdum í Agraba, hvað sem það kostar.

**Shan-Yu**  
**„HVERSU MARGA MENN ÞARF TIL AÐ FLYTJA SKILABOÐ?“**

Húninn Shan-Yu kallar ekki allt ömmu sína og gerir allt til að sigra Kína. Grimm hans kemur bersýnilega í ljós er hann lætur drepa annan tveggja sendiboða eins og ekkert sé.

## Amy Winehouse aflýsir tónleikum

Vandræðaseggun Amy Winehouse hefur ákveðið að aflýsa því sem er eftir af tónleikaferðalagi hennar um Evrópu í sumar og draga sig algjörlega út úr fjölmiðlum á næstunni. Samkvæmt talsmanni söngkonunnar er ástæðan fyrir þessari ákvörðun hræðilega vandræðaleg uppkoma Winehouse í Serbíu nýverið. Evróputúr söngkonunnar hófst í Belgrad á laugardaginn og tóku áhorfendur verulega illa í lélega frammistöðu hennar á tónleikumunum. Sjónarvottar segja Winehouse hafa hálfpartinn ráfað um sviðið er hún reyndi eftir bestu getu að muna textana við lögina sín en þær tilraunir gengu heldur brösulega. Fjölmiðlar í Serbíu kölluðu tónleikana skandal og dagblaðið Blic sagði tónleikana þá verstu í sögu Belgrad. Amy Winehouse hefur glímt við mikinn eituryfja- og áfengisvanda lengi og hefur ekki gefið út plötu frá árinu 2006 þegar hún sló í gegn með breiðskífunni Back To Black þar sem hún söng eftirminnilega um að hún ætlaði svo sannarlega aldrei í meðferð í laginu Rehab.



## Segir Michael hafa verið myrtan

Systir Michael Jackson heitins segist fullviss um að hann hafi verið myrtur.

„Hann var hræddur um líf sitt,“ sagði La Toya í nýlegu viðtali í þætti Piers Morgan á sjónvarpsstöðinni CNN. „Michael sagði mér að þau ætluðu að myrða hann,“ sagði hún í viðtalinu og átti þá við samstarfsfólk hans á þeim tíma sem andlát goðsins átti sér stað. „Michael var myrtur af fólkinu sem stjórnaði lífi hans,“ fullyrta La Toya ákóf í viðtalinu. „Fólk kemur inn í líf þitt, treður sér í innsta hring, stjórnar þér, misnotar þig, stjórnar fjárhagnum þínum og öllu sem þú átt,“ hélt hún áfram og sparaði ekki stóru orðin. „Þú verður að gera það sem þetta fólk segir þér, þannig er það bara,“ bætti hún við og benti á að svona hafi staðan verið hjá Michael undir það síðasta. Réttarhöldunum yfir læknum Conrad Murray sem er ákærður fyrir að hafa myrt Jackson hefur verið frestað fram í september.



## Missti af afmæli bróður síns

Leikkonan og partíþáan Lindsay Lohan afplánar nú fangelsisvist í stofufangelsi á heimili sínu á Venice Beach. Í sínu fyrsta viðtali eftir að hún var dæmd fyrir að stela hálsmeni segir Lohan Life & Style tímaritinu frá því hversu mikið hún saknar Los Angeles og lífsins fyrir utan 3000 fermetra heimili sitt. „Ég er mjög félagslynd manneskja og elska að vera úti, sérstaklega á Venice Beach,“ útskýrði leikkonan í viðtalinu. „Ég myndi vilja fara meira út og fara kannski út að borða.“ Lohan býr í villu með þremur svefnherbergjum og fjórum baðherbergjum en segist vera mjög leið yfir að þurfa sífellt að hanga heima þessa dagana. „Mér sárnaði mjög þegar ég missti af afmælisveislu bróður míns um daginn,“ útskýrði Lohan.



„Hann er orðinn 16 ára, það var mjög erfitt að komast ekki í veisluna.“ Lohan sagði í viðtalinu að hún væri ekki með neitt áfengi í húsinu sínu en vildi ekki lofa því að verða edrúmennskan uppmáluð þegar hún losnar úr stofufangelsinu þann 29. júní næstkomandi.

**Bættu árangurinn**

vodafone.is



# Gaf aðdáanda kjöltudans

**Britney Spears** gefur hvern kjöltudansinn á fætur öðrum og ögrar fjölmiðlum í nýjasta tónlistarmyndbandi sínu.



Britney Spears gladdi aldeilis einn aðdáanda sinna er hún gaf kauða kjöltudans uppi á sviði á miðjum tónleikum sínum í Staple Centre í Los Angeles fyrr í vikunni. Söngkonan flutti lagið Leather and Lace af nýjstu breiðskífu sinni, Femme Fatale, á meðan hún dansaði ögrandi dans fyrir karlkyns aðdáandann og notaði bleikan fjaðurkúst til að daðra við hann á meðan. Poppþrúpskonan var með svipað atriði á tónleikum sínum í San Jose fyrir stuttu og hefur greinilega gaman af að kjöltudansa.

### Leynilega trúlofuð

Fyrr í mánuðinum fréttist af söngkonunni þar sem hún batt kærasta sinn, Jason Trewick, á höndum og fótum áður en hún dansaði í kjöltu hans fyrir framan vini og vandamenn í matarboði. Talið er að parið hafi nýlega trúlofað sig í leyni og er Britney sögð vera í skýjunum með trúlofunina. Britney hefur trúlofað sig tvisvar áður og hefur einkalíf hennar verið mikið í fjölmiðlum.

### Flassar lögregluna

Í nýjasta myndbandi sínu við smellinn I Wanna Go gefur hún paparazzi-ljósmyndurum og slúðurblöðum tóninn en í myndbandinu sést hún meðal annars ráðast á ljósmyndara með snúru úr hljóðnemanum sínum. Hún lætur ekki þar við sitja heldur flassar hún einnig lögreglumann og hótar blaðamönnum öllu illu á blaðamannafundi í myndbandinu sem hefur nú þegar vakið mikla athygli. Britney kann svo sannarlega að halda sig í sviðsljósinu.



## Nokia N8 á Angry Birds tilboði

Frábært tilboðsverð í tilefni Íslandsmótsins í Angry Birds

**6.666 kr.**

á mánuði í 12 mánuði.

Staðgreitt: 79.990 kr.

Gildir aðeins í verslunum Vodafone um helgina

vodafone.is



RingTónar



RingTónar fyrir Android

**0 kr.**  
eð hringja innan kerris Símans með 1.990 kr. áskrift.\*

## Vertu með Gus Gus í símanum

<http://ringtonar.ring.is/>



VERTU MEÐ

[www.ring.is/](http://www.ring.is/) / [m.ring.is](http://m.ring.is/) [www.facebook.com/ringjarar](http://www.facebook.com/ringjarar)

\* 1.000 min/SMS innan GSM-kerris Símans og 990 kr. Inneign til að hringja í önnur kerfi

**GALTALÆKUR 2011**  
Helgina 24. - 26. júní



**Allsberir ofan í gjótu**

Útíhátíðin Galtalækur fer fram um helgina. Skipuleggjendur hátíðarinnar lofa mikilli bombu en á meðal tónlistarmanna sem troða upp eru Ensími, Dikta, Friðrik Dór og Emmsjé Gauti. Þá er þó enn ónefndur BlazRoca.

„Þetta verður einhver alger geðveiki. Ég rúlla þarna inn og tek massífan klukkutíma með alls konar trýnum sem eru með mér á bestu plötu ársins, Kópacabana,“ segir Erpur Eyvindarson sem stígur á svið um tvöleytið aðfaranótt sunnudagsins. „Menn munu enda bara allsberir í einum skó ofan í einhverri gjótu þegar við verðum búnir.“

Forsala á hátíðina fer fram í Mohawks og N1. Miðaverð er 6.500 kr. í forsölu. Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðu hátíðarinnar.

**fílófaxið**

fimmtudagur **23** júní föstudagur **24** júní

**JÓNSMESSUTÓNLEIKAR**

**Viðey 20:00** Kristjana Stefáns og Svavar Knútur standa saman fyrir tvennum tónleikum úti í Viðey á Jónsmessu. Kristjana og Svavar hafa gert góða hluti sem söngduett frá árinu 2008 en lagaval þeirra er gífurlega fjölbreytt. Ef veður leyfir fara tónleikarnir fram utandyra, annars í Viðeyjarstofu. Fyrri tónleikarnir hefjast kl. 20:00 og er því æskilegt að fólk mæti klukkutíma fyrr en síðari tónleikarnir hefjast kl. 23:00. Miðaverð er 3.000 kr. fyrir fullorðna en þar af eru 1.000 kr. í ferjuna. Fyrir börn kostar 1.000 kr.

**BLOODGROUP UNPLUGGED**

**Hvíta perlan 21:00** Gogoyoko stendur fyrir tónleikaröð sem þeir kalla gogoyoko Wireless. Þælingin á bak við hana er að fá hljómsveitir til að flytja lög sín í órafmögnum búningi og er röðin nú komin að rafhljómsveitinni Bloodgroup. Virkilega forvitnilegt verður að sjá hvernig þeim tekst til en einungis komast að 100 gestir. Miðar eru seldir í 12 tönum á Skólvrö-ustig á 1.500 kr.

**ORION - MASTER OF PUPPETS**

**Sódóma 20:00** Hljómsveitin Orion samanstendur af fimm þungarokkhundum og er þar þekktastur hann Magni Asgeirsson. Hún var stofnuð í tilefni af því að í ár er löðinn aldarfjórðungur frá því að Metallica gaf út meistaraverk sitt Master of the Puppets. Hér eru á ferðinni tvennir tónleikar með tribute-sniði þar sem sveitin flytur lagalista plötunnar í heild sinni ásamt fleiri lögum. Fyrri tónleikarnir hefjast kl. 20:00 en þeir seinni á miðnætti. 20 ára aldurstakmark er á tónleikana og miðaverð er 2.000 kr.

**laugardagur 25 júní**

**DIMMA OG SÓLSTAFIR**

**Sódóma 23:30** Metalhausar ættu að geta fengið góða útrás með gallhördum rokki á Sódóma á laugardaginn. Þá troða upp metalsveitirnar Dimma og Sólstafir sem eru án efa á meðal þéttustu banda landsins. Upphitun verður í höndum Asks Yggdrasils. Húsið opnar kl. 22:30, miðaverð er 1.000 kr. og aldurstakmark er 18 ára.

**Taktu öðruvísi myndir**

vodafone.is

**Justin Bieber notar Proactiv® Solution**

**Burt með bólurnar!**

Í Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:  
REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARDSAPÓTEK, Sogavegi 108  
URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi  
APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11  
ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // LYFJAVER Suðurlandsbr. 22



**Heilsubudin.is**  
- bætt útlit, betri líðan

**LOKAPRÓFIÐ**

23. júní 2011 | **MONITOR** skólinn

Ég heiti HUGLEIKUR DAGSSON Eiginhandarritunin mín lítur svona út:

Þú veist hver ég er af því að EG ER SONUR DAGS SIGURDARSONAR. HANN VAR SÆMUR FADIR ☺.

Ef ég væri ekki Hugleikur Dags-son myndi ég helst vilja vera

- a) Kærleikur Ástson
- b) Söngleikur Lagsson
- c) Stieg Larsson
- d) Landsleikur Marksson
- e) Forleikur Jónsson

Af því að MIG HEFUR ALLTAF LANGAÐ AÐ VEGA DAUÐUR SVIL.

Ekki spyrja mig um HVORT EG KOMI ÖFT HINGAÐ. en ég er sérfræðingur í GILMORE GIRLS

Ég mun líklega aldrei

- a) Taka þátt í Eurovision
- b) Hlaupa maraþon
- c) Hætta að teikna
- d) Gerast bóndi
- e) Fara einn í bió

Af því að ÞAÐ ER VINNA.

Upphaldsmaturinn minn er


BUFF TARTAR en ég borða alls ekki SVONA GRÆNMETISBUFFRUGL.

Af eftirfarandi myndi ég helst vilja fara í hádegismat með

- a) Natalie Portman
- b) Victoriu Beckham
- c) Beyoncé Knowles
- d) Megan Fox
- e) Britney Spears

Til að ræða við hana um AFHVERJU ER HÚN SVONA ÖGEG-SLEGA LVÖT.

Það sem fáir vita um mig er AÐ EG ER KONA.



Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá CATE BLANCHETT til að leika mig en líklega yrði það samt TILDA SWINTON



Hér er sjálfsmýnd af mér sem lýsir persónuleika mínum mjög vel:



SATT OG ÓSATT

Ég var alltaf mjög góður í myndmennt S 0

Gleraugun mín eru ekki með styrkleika S 0

Miðbærinn er æðri öðrum hverfum í Reykjavík SÓ?

Ég hef hlegið upphátt að mynd eftir mig sjálfan S 0

Ef ég þyrfti að taka upp lag með einum af eftirfarandi yrði það

- a) Friðrik Dór
  - b) Hafni Haff
  - c) Emmsjé Gauti
  - d) Steindi Jr.
  - e) Páll Óskar
- Af því að ÞAÐ GETA EKKI ALLIR VERIÐ NÖRDJÖSS.

Ef ég mætti gera einn Facebook status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa EG HATA SVERTINGJA HEIL HITLER VOFF VOFF MJA ICESAVE HÖRVUKUR DREPVUM LITIL BÖRN FALLEG BLÖM.

**Síðast en ekki síst**

» **Hallfríður Þóra**, lífskúnnstner með meiru, fílar:

**Kvikmynd** Bíóferð mín á 127 Hours mun seint falla í gleymsku en framúrskarandi leikur James Franco fékk mig ekki bara til að gráta heldur líka öskra í miðri mynd. Óneitanlega einn besti leikur sem ég hef séð. Ég mæli ekki með þessari mynd fyrir hjartveika.

**Sjónvarpsþáttur** Freaks and Geeks er besta uppfinning sem ég hef gert í langan tíma. Ekki er annað hægt en að elska þennan þátt, sérstaklega vegna karakteranna sem eru allir hin ýktustu form staðalimynda.

**Bók** Síðasta rúma árið hef ég tekið leikrit fram yfir bækur sem lestrarefni og stendur Hedda Gabler eftir Henrik Ibsen upp úr. Á einhvern undarlegan hátt þrái ég að vera þessi siðblindi, ögrandi og jafnframt valdagráðugi kvenmaður.



**Plata** Hljómsveitin Beach House er í miklu upphaldi og er platan Teen Dream óneitanlega plata ársins hjá mér. Þeirra eitursvölu en rólegu tónar hafa algjörlega fangað mig. Síðan skemmir ekki fyrir að þau munu spila á Iceland Airwaves þetta árið, loksins var ég bænheyrð.


**Vefur** Nú fæ ég loksins að velja mína eigin vinnutónlist og hefur tónlistarsíðan Pitchfork.com hjálpað mér mikið með sínum góðu gagnrýnum og fréttum.

**Staður** Kúbanski staðurinn Café Habana í New York er óneitanlega upphaldsstaðurinn minn í heiminum, ekkert á Íslandi toppar hann. Þegar ég dvaldi í New York í dágóðan tíma fyrr á árinu var skyldumæting þangað í enchiladas, maís og frosna margaritu með guava.

facebook

www.kaninn.is  
www.facebook.com/kaninn


KANINN  
FM 1005



EINAR BARDAR



MAGGA JONASAR



EINAR AGUST

# KARA FRJETTA!

## FÖSTUDAGSPÁTTUR KANANS

ENGIN ÚTVARPSSTÖÐ HEFUR VAXIÐ JAFN MIKIÐ Á SÍÐUSTU 365 DÖGUM

HLUSTUNIN FER UPP UM  
134% ÚR 13.4% Í 31.4%

SAMKVÆMT MMR KÖNNUN DAGANNA 9. TIL 12. MAÍ 2011  
UPPSÖFNUN HLUSTUN Í ALDRINUM 18 TIL 49 ÁRA ALLT LANDIÐ

KANINN  
FM 1005



# Vertu með á Bestu útihátíðinni

Gaddstaðaflatir Hellu, 8.-10. júlí

## Gus Gus / Quarashi

Verð aðeins **6.000 kr.** fyrir viðskiptavinum **Ring / Símans.**

Forsala aðgöngumiða í verslunum Símans Krínglunni,  
Smáralind, Ármúla og á Akureyri.

18 ára aldurstakmark.

[www.ring.is](http://www.ring.is) / [m.ring.is](http://m.ring.is)



[www.facebook.com/ringjarar](http://www.facebook.com/ringjarar)



VERTU MEÐ